

Nr. 18-112 S 070 Akurey AK 10**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2890
Utgerð: HB Grandi hf
Smíðaður: Tyrkland 2016, stál
Stærð: 1827,4 bt
Mesta lengd: 54,75 m Skráð lengd: 51,77 m
Breidd: 13,5 m Dýpt: 8,2 m
Vél: M.A.N 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Akurey©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2018 var Akurey AK 10 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: 25-30 m/s og mikill sjór.

Á veiðunum varð skipið vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Varðskipið Þór dró Akurey til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að neðri bolli á undirlyftustöng fyrir útblásturloka á strokk nr. 4 í aðalvél brotnaði (*sjá mynd*);
- að engar aðrar skemmdir urðu á aðalvélinni vegna atviksins;
- að skipt var um báðar undirlyftustangir og mótstykkinn sem stangirnar sitja í.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.